

Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 11. des. 2017

8. fundargerð

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Garðar Lárusson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Egill Jónsson.

1. Formaður setti fundinn.
2. Fundargerðir frá 6. stjórnarfundum þann 1. nóvember og þeim 7. frá 22. nóvember 2017 yfirfarnar og samþykktar.
3. Dagbók á skrifstofu yfirfarin og rædd. Egill og Kolbrún voru sinn miðvikudaginn hvort í viðveru en enginn kom eða hafði samband við þau. Þann 6. des var Margrét í viðveru og þá kom einn að ná sér í afsláttarbókina. Formaður upplýsti að ný afsláttarbók væri væntanleg síðar í vetur. Rætt var um vinnu við að safna upplýsingum um afslætti til eldri borgara hér á svæðinu en engin ákvörðun tekin. Gjaldkeri beðinn að kaupa dagbók vegna 2018.
4. Upplýsingar um verkefni og fleira milli stjórnarfunda.
Haukur og Halldór mættu á starfslokanaámskeið Akureyrarbæjar að beiðni bæjarins til þess að kynna starfsemi EBAK. Kynningin fór fram 23. nóv.
5. Rekstrarsamningur vegna félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu.
Formaður kynnti fyrirleggjandi samning milli EBAK og Akureyrarbæjar. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með samninginn að öðru leyti en því að framlag bæjarins vegna launa starfsmanns á vegum EBAK þurfi að endurskoða. Í lok umræðunnar var samningurinn borinn upp ásamt neðangreindri bókun og samþykktur samhljóða. Formanni heimilað að undirrita hann.

Bókun:

Á dagskrá stjórnarfundar EBAK þann 11. desember 2017 var til umræðu og afgreiðslu fyrirleggjandi nýr samningur milli EBAK og Akureyrarbæjar um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1 og fleira (sjá samning). Eldri samningur milli aðila rennur út 31. desember 2017.

Aðalbreytingin í nýjum samningi er sú að starfsmannahald í Bugðusíðu 1 færist frá bænum til félagsins. Á móti kemur árlegur fjárstyrkur frá Akureyrarbæ að upphæð kr. 4.000.000 til greiðslu launa starfsmanns/starfsmanna í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1.

Það er mat stjórnar EBAK að fjárstyrkurinn frá bænum (sjá samning) dugi ekki til greiðslu þeirra launa, sem félagið komi til með að greiða fyrir það starf/störf, sem unnin verði í félagsmiðstöðinni á ársgrundvelli. Í samningnum segir enn fremur að stefnt skuli að því að árlegur opnunartími félagsmiðstöðvarinnar verði lengdur, sem þýðir aukinn starfsmannakostnað.

Stjórn EBAK leggur því til að árlegur fjárstyrkur, vegna starfsmannahalds í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1 til handa félaginu, verði endurskoðaður í október 2018 (sjá samning), með það að markmiði að hann jafngildi ársláunum eins starfsmanns í 100% starfi í tilteknum launaflokki. Tekið

skal tillit til launakostnaður bæjarins í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1 við þessa endurskoðun á árunum 2016 og 2017 miðað við tiltekið 100% starf.

Stjórn EBAK telur að ofangreinda bókun eigi að leggja til grundvallar við endurskoðun samningsins í október 2018.

6. Haustfundur með nefndum og fleirum þann 22. nóvember sl. Góður og gagnlegur fundur. Halldór tók saman niðurstöðurnar frá hópunum og ákveðið var að ræða þær og viðbrögð við þeim á næsta stjórnarfundum þann 16. janúar 2018.
7. Reglur og verðskrá vegna leigu á salnum í Bugðusíðu 1.
Haukur lagði fram drög að viðmiðunarreglum fyrir gjaldskrá vegna leigu á salnum. Þau voru rædd og samþykkt.
8. Upplýsingar frá EBAK í fréttabréfið á vorönn 2018 voru ræddar.
Halldór og Hallgrímur tóku að sér að yfirfara þá texta og stundaskrá í Bugðusíðu sem tilheyrir EBAK í samstarfi við Bergljótu. Fréttabréfið verður ekki borið út vegna kostnaðar.
9. Upplýsingar um fjárhagsstöðu félagsins 1. des. 2017. Frestað til næsta fundar.
10. Borist hefur bréf í tölvupósti frá Íbúðalánasjóði vegna uppgjors í byrjun árs 2018 á Tryggingasjóði vegna byggingagalla. Þar er inneign EBAK frá 1996 tvær milljónir. Þarf að skoða og fylgja eftir. (Sjá tölvupóst dags. 8. des.2017).
11. Styrkveitingar til nefnda og annarra.
Bréf frá fræðslunefnd vegna kostnaðar við ráðstefnu EBAK og HA í apríl nk. Þegar kostnaðurinn liggur fyrir verður það erindi afgreitt.
Samþykkt að greiða reikning fyrir billjard kúlur vegna Bugðusíðu upp á kr. 19.188.
12. Upplýsingar frá Búfesti hsf. Málið er í vinnslu. Verið að vinna í deiliskipulagi hjá Akureyrarbæ og von um að Búfesti fái lóðir neðan Krossanesbrautar. (Sjá tölvupóst dags. 8. des. 2017)
13. Aðalfundargerð EBAK frá 27. mars 2017 kynnt. Aðalfundur 2018 ákveðinn þann 26. mars.
14. Upplýsingar frá nefndum fyrir 5. jan. 2018.
Halldór tók að sér að senda formönnum nefnda félagsins tölvupóst þar sem óskað verði eftir upplýsingum um hvaða fulltrúar hætta störfum á næsta aðalfundi.
15. **Næsti stjórnarfundur EBAK 16. jan. 2018, kl. 10.10. FKR 9. jan. 2018 kl. 13.**
16. Viðvera á skrifstofu til 10. jan. 2018.
13. des. Hallgrímur; 20. des. Garðar; 10. jan. Halldóra.
17. Leiðsögn vegna tölvu- og hljóðkerfis í Bugðusíðu og umgengni um tækjaskápinn í salnum. Enn hefur ekkert gerst í þeim efnum.
18. **Önnur mál.**

- a) skipulag skrifstofu m.a. tiltekt,
- b) prentun á lögum félagsins,
- c) möppur með ýmsum gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda,
- d) almennur félagsfundur EBAK 22. jan. 2018,
- e) auglýsingar EBAK í fjölmiðlum,
- f) innheimta ógreiddra árgjalda 2017,
- g) Fulltrúi stjórnar í Notendaráði nefndi að betur hefði mátt standa að aðventukvöldi í Víðilundi þar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir starfsfólkinu þegar matarpöntunin var gerð.

19. Fleiri mál ekki tekin fyrir og fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir